

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 21. febrúar 2024.

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 og lögum um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (einföldun regluverks). 154. Löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 78 — 78. mál.

Félagsráðgjafafélag Íslands þakkar fyrir tækifæri til að veita umsögn við frumvarp til laga um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003 og lögum um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 (einföldun regluverks). 154. Löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 78 — 78. mál. Félagið kom að málinu á fyrri stigum með umsögn dags. 15. febrúar 2023 sem send var í samráðsgátt stjórnvalda og umsögn dags. 5. maí 2023 sem send var rafrænt á nefndasvið.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að breytingin feli í sér einföldun regluverks kringum tæknifrjógvun og aukið frelsi og traust til handa einstaklingum sem þurfa að nýta sér hana í þeim tilgangi að eignast barn og stofna fjölskyldu. Þá kemur fram að dregið verði úr miðstýringu stjórnvalda þegar kemur að þessum þætti í lífi fólks og aukið svigrúm til að búa til nýtt líf. Félagsráðgjafafélag Íslands styður markmið frumvarpsins og telur sannarlega til bóta að draga úr miðstýringu stjórnvalda og treysta sjálfráða einstaklingum til þess að taka ákvarðanir varðandi eigið líf. Það er sannarlega til bóta að afnema kröfu um að þeir einstaklingar sem standa að tæknifrjógvun séu í sambúð eða búskap.

Þá er mikilvægt að gera breytingar á barnalögum nr. 76/2003 í takt við breytingar á lögum um tæknifrjógvun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna, nr. 55/1996 til að tryggja réttaröryggi aðila.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill áréttta mikilvægi þess að ef heimila á gjöf fósturvísa að gætt verði að því að tryggja það að upplýst skriflegt og vottað samþykki sé veitt án þvingunar gagnvart þeim sem gefur. Sú hætta er alltaf fyrir hendi að einstaklingar í yfirburðarstöðu notfæri sér aðra sem standa höllum fæti, svo sem vegna fátæktar eða skerðingar af einhverju tagi. Því er mikilvægt að slíkar heimildir hvíli á skýru samþykki þeirra sem eiga í hlut og leitað verði til hagaðila varðandi útfærslu reglugerðar. Þá er mikilvægt að tryggja aðgang að ráðgjöf í ferlinu.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann
formaður